



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 22. ágúst 2018
Tilv.: MMR18010340/2.3.11

Ágæti viðtakandi

Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra, sem skipaður var í kjölfar #églíka (#metoo) yfirlýsinga íþróttakvenna, hefur skilað ráðherra tillögum um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Öryggi iðkenda og annarra þátttakenda var sett í öndvegi við alla vinnu hópsins. Starfshópurinn taldi mikilvægt að tillögur hans næðu einnig til æskulýðsstarfs utan skóla, m.a. að teknu tilliti til ábyrgðarsviðs ráðuneytisins og samlegðaráhrifa þessarar starfsemi. Að mati starfshópsins er brýnt að það verði vitundarvakning um málefni sem tengjast kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun og þannig verði knúin fram viðhorfsbreyting um að ofbeldishegðun sé ekki liðin og allir njóti verndar í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Að mati starfshópsins er mikilvægt að íþróttahreyfingin, æskulýðsfélögin, sveitarfélög og stjórnvöld verði samtaka þegar kemur að því að taka á því málefni sem um ræðir. Meðal tillagna hópsins eru:

- Að skýrir og samhæfðir verkferlar og viðbragðsáætlanir séu til staðar hjá félögum og samtökum í íþrótt- og æskulýðsstarfi.
- Að fræðsluefni um kynferðislegt ofbeldi og óæskilega hegðun sé samræmt og að allir sem bera ábyrgð á íþrótt- og æskulýðsstarfi hafi grunnþekkingu á því hvernig bregðast eigi við þegar upp koma mál sem tengjast áreitni eða ofbeldi.
- Að unnið sé markvisst í jafnréttismálum á vegum íþróttahreyfingarinnar. Aukið jafnrétti getur haft jákvæð áhrif á ýmsa þætti í íþróttastarfi og þar með dregið úr áreitni og ofbeldishegðun.
- Hópurinn telur mikilvægt að til staðar sé óháður aðili sem getur tekið við símtölum, tilkynningum eða öðrum samskiptum um ofbeldi og aðra óæskilega hegðun og komið þeim í réttan farveg. Slíkur ráðgjafi gæti einnig leiðbeint við gerð siðareglna og viðbragðsáætlana og sinnt upplýsingagjöf og fræðslu um málaflokkinn.
- Mikilvægt er að íþróttahreyfingin setji sér siðareglur og hegðunarviðmið, kanni bakgrunn þeirra sem koma að íþróttastarfi og kynni fyrir þeim þær reglur sem gilda í starfinu. Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða fá til starfa sem sjálfboðaliða er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna iðkenda.
- Að ríki og sveitarfélög sem styðja íþrótt- og æskulýðsstarf með aðstöðu og fjárframlögum setji skilyrði í alla samninga við íþrótt- og æskulýðshreyfinguna um að félögin séu með viðbragðsáætlun á þessu sviði og stuðli þannig að aukinni þekkingu, meðvitund og réttum viðbrögðum þegar áreitni eða ofbeldismál koma upp.
- Að setja ákvæði í íþróttalög að óheimilt sé að ráða fólk sem dæmt hefur verið fyrir

ofbeldisbrot, kynferðisbrot. Mikilvægt er að einfalda verkferla fyrir íþrótt- og æskulýðshreyfinguna til þess að afla slíkra upplýsinga frá opinberum aðilum.

Tillögur þessar snerta ýmsa aðila er koma að íþrótt- og æskulýðsstarfi, s.s. íþróttahreyfinguna, æskulýðsfélög, sveitarfélög og stjórnvöld. Að mati starfshópsins er mikilvægt að þessir aðilar séu samtaka þegar kemur að því að taka á því málefni sem um ræðir. Af því tilefni óskar ráðuneytið eftir samstarfi við hlutaðeigandi aðila við að koma tillögum hópsins til framkvæmdar.



Lilja D. Alfreðsdóttir

Ásta Magnúsdóttir

Fylgiskj.: 1. Tillögur starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi.